

Akraneskaupstaður  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík 29. september 2020  
UST202008-285/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 og deiliskipulögum Garðalundar og Skógarhverfis.**

Vísað er til erindis Akraneskaupsstaðar er barst 27. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 og deiliskipulögum fyrir Garðalund og Skógarhverfi.

Í greinargerð kemur fram að breyting aðalskipulags gengur m.a. út á að íbúðarsvæði Skógarhverfis stækkar til norðurs á kostnað skógræktarsvæðis og íþróttasvæðis. Einnig kemur fram að íþróttasvæði við Skógarhverfi, svæði fyrir verslun og þjónustu (hótelreitur) og tjaldsvæði við Garðalund, er breytt í útivistarsvæði. Auk þess er gert ráð fyrir nýrri tengingu við Akrafjallsveg.

Í greinargerð deiliskipulagstillögu fyrir Skógarhverfi kemur fram að tillagan gerir m.a. ráð fyrir þéttri byggð einbýlis- og raðhúsa á einni til tveimur hæðum.

Auk þess kemur fram í deiliskipulagi Garðalundar framtíðarsýn og heildarskipulag útivistar- og skógræktarsvæða í Garðalundi.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að í Garðalundi eru tjarnir sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni, það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask tjarnanna sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og sett fram þau skilyrði í tillögunnar að mikilvægt sé að tekið sé tillit til vatnsins í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á tjörnum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum

kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur